

# STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1990

---

28. desember 1990

1433

Nr. 551

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð kvenna í Hálshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Menningarsjóður kvenna í Hálshreppi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 25 000,00, sem er framlag velvildarmanna hreppsins, og gefnar eru af hvaða tilefni sem gefendum finnst viðeigandi, svo sem minningargjöfum, áheitum og hvers kyns öðrum framlögum.

3. gr.

Sjóðinn skal ávallt ávaxta í Landsbanka Íslands.

4. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn kr. 50 000,00 – fimmtíu þúsund krónur – má verja helmingi ársvaxtanna til að styrkja efnilegar stúlkur í Hálshreppi til náms, við innlenda eða erlenda skóla. Við úthlutun sé haft í huga, að styrkþegi sé fús til að námi loknu, að láta Hálshrepp njóta starfskrafta sinna eða leiðbeininga, eftir því sem ástæður leyfa og við verður komið.

Heimilt er stjórn sjóðsins, að styrkja húsfreyjur á nefndu svæði, til þess að sækja námskeið til aukinnar fræðslu í uppeldismálum, heilsuvernd og garðrækt, enda leiðbeini þær þá öðrum er heim kemur. Heimilt er og að styrkja námskeið, er haldin kynnu að verða heima á vegum húsmæðranna, og leiðbeindu, auk annars, í einum eða fleiri af ofangreindum menningarþáttum.

5. gr.

Pegar sjóðurinn er orðinn yfir kr. 100 000,00 – eitt hundrað þúsund krónur – má hann styrkja fleiri menningarmál kvenna á ofangreindu svæði en þau, er um getur í 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Hálshrepps og tvær konur úr Hálshreppi. Sé önnur konan valin af kvenfélagi þess hrepps, og skal hún vera formaður sjóðstjórnar, en hin konan skipuð af hreppsnefnd Hálshrepps.

Stjórn sjóðsins veitir móttöku öll því fé er til sjóðsins skal renna. Formaður skal skrá nöfn þeirra, sem sjóðinn efla, í sérstaka bók, er stofnendur sjóðsins hafa áður ritað í nöfn sín og minningargjafir. Einnig skal hann sjá um að bókin sé ávallt geymd í öruggum stað.

Stjórnin sér um reikningshald sjóðsins. Hún auglýsir í útvarpi og blöðum þeim, er hún telur hagkvæmt vera, styrkveitingar úr sjóðnum, ekki síðar en 1. ágúst ár hvert. Sjóðstjórnin metur umsóknir, úthlutar styrkjum og veitir verðlaun.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal endurskoða skipulagsskrána á 10 ára fresti. Má þá breyta henni eftir því viðhorfi, sem breyttir tímar kunna að hafa skapað. Sér til aðstoðar skal stjórnin velja tvær konur, er hún telur best hæfar til þess starfa.

Þess skal vel gætt við breytingar skipulagsskrárinnar, að upphaflegt markmið sjóðsins sé í heiðri haft.

## 8. gr.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega. Tilnefnir hreppsnefnd Hálshrepps tvo menn til þess.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist af Stjórnarráði Íslands.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Menningarsjóð kvenna í gamla Hálshreppi, nr. 67 frá 31. mars 1950.

Skipulagsskrá þessi staðfestir hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1990.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanneý Óskarsdóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Menningar- og líknarsjóð Kumbaravogs.

Hjónin Kristján Friðbergsson og Hanna G. Halldórsdóttir, Kumbaravogi, Stokkseyri, stofna hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

## 1. gr.

*Heiti.*

Sjóðurinn heitir Menningar- og líknarsjóður Kumbaravogs.

## 2. gr.

*Varnarþing.*

Heimili sjóðsins og varnarþing er á Stokkseyri.

## 3. gr.

*Stofnfé.*

Stofnendur leggja fram sem stofnfé sjóðsins 1 000 000, krónur í peningum og hlutabréfum. Það fé sem sjóðnum kann að berast fyrir 1. mars 1991 skal talið til stofnfjár.

## 4. gr.

*Tekjur.*

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, framlög, arfur og fleira og sjóðsstjórn er heimilt að ávaxta féð, á þann hátt sem hún telur bestan.